

2. bekkur íslenska

Kennarar: Sigríður Ísold Einarsdóttir; Sigurlaug Hauksdóttir

Lýsing

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

Markmið

Í íslensku verður unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámsnámskrá 1. - 4. bekk. Hæfniviðmiðin verða brotin í smærri markmið.

Námsefni

Bækur notaðar í Byrjendalæsi

Ritrún

Lestrarlandið 2 og 2+

Skrift 2

Ítalíu skrift 2 A og B

Orðasafnið mitt

Ýmis ljóð

Fjölbreytilegir textar úr ýmsum bókum og blöðum

Ýmis verkefni m.a. af netinu

Kennsluaðferðir

Lestur, paralestur, samlestur, ritun, tjáning. Samvinna, hópastarf, hlustun og leikir. Verkefnavinna, munnleg og/eða skrifleg.

Námsmat

Próf, kannanir og skimanir af ýmsu tagi.

Vinnubækur og verkmöppur.

Þátttaka í samræðum, tjáning og virkni.

Einstaklings- og hópverkefni.

Sjálfsmat og jafningjamat.

Vettvangsathuganir og þemaverkefni.

Matskvarðar sem lagðir eru til grundvallar náms og kennslu.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Lestur og bókmenntir

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Ritun

- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.

Íslenska fyrir 1.-4. bekk - Málfræði

- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.

- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.

Lesfimiviðmið 1.-10. bekkur - 2. bekkur

- **2. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
September - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **2. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Janúar - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **2. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Mai - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **LESFIMIVIÐMIÐ**
Viðmið fyrir 2. bekk. Útskýring á matstáknum. Rétt lesin orð á mínútu: Undir viðmiði = færri en **40**. Viðmið 1 = **40-84**. 90% af nemendum. Viðmið 2 = **85-99**. 50% af nemendum. Viðmið 3 = **100** eða fleiri. 25% af nemendum. Athugið að lesfimiviðmið miða við stöðu nemenda við lok 2. bekkjar.